



Nafn fyrirtækis	Deild / vinnustaður		Kennitala	Fylgiskjai eftirlitssk. nr.
Nr.	Hávaðavaldur	Hávaðastoppur	Jafngildishávaði	Lýsing og athugasemdir
1 Blásar i	72	62 dB(A)	Citsoga blásar i frá kallaeyjum.	

Starfshópar/Vinnurými þar sem hávaði er yfir 85 dB(A):

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem eru í hávaða yfir 85 dB(A) og þurfa að fara í heyrnarmælingu:

Staður	Dags.:	Gerð mælitækis:	Undirskrift eftirlitmanns
Hafnarbraut	1-9-14 B&K 2225		Jóni Ólafsson

Lög og reglur um hávaða á vinnustöðum:

- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Reglugerð um varnir gegn álagi vegan hávaða á vinnustöðum nr. 921/2006

Aðrar reglur um hávaða:

- Reglugerð um hávaða nr. 933/1999 (varðar umhverfishávaða)
- Byggingarreglugerð nr. 441/1998 (varðar hávaða sem berst með byggingum og byggingarhlutum)

Hávaðamörk - skv. reglugerð nr. 921/2006.


- Néðri viðbragðsmörk eru 80 dB(A) – þá skal atvinnurekandi leggja starfsmönnum til heyrnarhlifar og sjá til þess að starfsmenn fái upplýsingar og viðeigandi þjálfun.
- Efri viðbragðsmörk eru 85 dB(A) – þá skal atvinnurekandi tafarlaust grípa til aðgerða sbr. áhættumat. Hann skal einnig merkja og takmarka aðgang að hávaðasönum stöðum, Starfsmaður skal nota heyrnarhlifar.
- Utanaðkomandi hávaði þar sem mikilvægt er að samræður geta átt sér stað fari ekki yfir 65 dB(A)
- Utanaðkomandi hávaði í mat- og kaffistofum fari ekki yfir 60 dB(A) á meðan á notkun stendur.
- Utanaðkomandi hávaði þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað fari ekki yfir 50 dB(A).

Jafngildishávaði er meðaltalshávaðinn á 8 stunda vinnudegi. Utanaðkomandi hávaði er t.d. hávaði frá loftræstikerfi, nærliggjandi rými, suð frá tölvbubúnaði o.s.frv.


Taflan hér til hliðar sýnir dæmi um hversu lengi má dvelja í tilteknun hávaða til að fullnægja kröfunni um að jafngildishávaðinn fari ekki yfir 85 dB(A) á 8 stunda vinnudegi.

82 dB(A)	í	16 klst.
85 dB(A)	í	8 klst.
88 dB(A)	í	4 klst.
91 dB(A)	í	2 klst.
94 dB(A)	í	1 klst.
97 dB(A)	í	30 min.
100 dB(A)	í	15 min.

Atvinnurekandi á skv. reglunum að huga að því við hönnun, uppbyggingu og endurnýjun vinnustaðar, vélá og búnaðar að hávaði sé a.m.k. innan þeirra marka sem sett eru í reglunum. Jafnframt skal bent að að starfsmönnum er ætlað að velja sér vinnubrög og verkfæri sem valda sem minnstum hávaða.



Heyrnartap er ólæknandi!



Um 11% starfsmanna sem vinna í 90 dB(A) jafngildishávaða í 10 ár hljóta af því alvarlegan heyrnarskaða. Um 4% starfsmanna sem vinna í 85 dB(A) jafngildishávaða í 10 ár hljóta af því alvarlegan heyrnarskaða. Hætta á heyrnarskaða er mjög lítil við minna en 80 dB(A) jafngildishávaða.

Þeir sem hafa tapað heyrn geta átt erfitt með að inna af hendi ýmis störf og að fylgjast með samræðum.

Heyrnarskoðun - heyrnarmælingar:

Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmenn sem eru í jafngildishávaða yfir 85 dB(A) fari í árlega heyrnarmælingu. Starfsmenn eru skyldugir til að fara í slíka mælingu.

Ef vafi er á hver jafngildishávaðinn er skal atvinnurekandi jafnframt sjá til þess að gerð sé hávaðamæling til að skera úr um það.

Hávaði veldur truflun, streitu og sálraenum áhrifum og hann eykur hættu á óhöppum. Þess vegna er lögð áhersla á að draga úr hávaða eins og kostur er.

Þar sem hávaði er yfir mörkum fer Vinnueftirlitið fram á að atvinnurekandi geri áætlun um úrbætur sem grundvallaðar eru á gildandi reglum um hávaða á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna og ítarlegum hávaðamælingum sé þess þörf.